

Umhverfisnefnd Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2005
2005110011/42-1
SB/rsb

Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingarétt

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

Stofnunin gerði athugasemdir við drög þessa frumvarps með bréfi til umhverfisráðuneytisins dags. 02. mars 2005 (sjá hjálagt). Þar fagnaði stofnunin frumvarpinu, en taldi rétt að setja inn í það undanþáguákvæði vegna náttúruverndarsjónarmiða, þ.e. ákvæði í 6. grein um að réttur til upplýsinga nái ekki til nákvæmra upplýsinga um fundarstaði og heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.

Við vinnslu frumvarpsins var hinsvegar farin sú leið að setja sambærilegt ákvæði sem nýjan tölulið inn í 6. gr upplýsingalaga nr. 50/1996. Náttúrufræðistofnun telur rétt að skýra þennan lið betur með því að vísa líka til fágætra jarðminja. Töluliðurinn gæti orðast svo: "umhverfismál, enda geti birting þeirra haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana."

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri